

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2024, þriðjudaginn 9. júlí kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1166. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.

Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Margrét Pálína Cassaro og Sigurður Stefán Karlsson. Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Akurgerði 9 - USK24060209
Sótt er um leyfi til að setja svalir á núverandi hús og byggja vinnustofu á lóð nr. 9 við Akurgerði. Umsögn skipulagsfulltrúa liggur fyrir vegna fyrirspurnar dags. 26.apríl 2024. Erindinu fylgir gátlisti hönnuðar. Stækkun 35,7 ferm og 123,6 rúmm. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til umsagnar og/eða til grenndarkynningar.

2. Austurberg 5 - USK24050171
Sótt er um leyfi til að stækka loftræsiklefa á þakhæð og endurskipuleggja 1-3 hæð, mhl.04., síkka glugga á á fyrstu hæð austanverðu í húsi nr. 5 við Austurberg. Erindi fylgir gátlisti vegna aðaluppdráttar. Erindinu fylgir brunahönnunarskýrsla dag. 13 febrúar 2007. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

3. Álfabakki 2A - USK24010088
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK23080010, þannig að innra skipulagi er breytt, auk þess sem bætt er við bílakjallara undir hús á lóð nr. 2 við Álfabakka. Húsið stækkar um 3.694,0 ferm. og 15.228,9 rúmm. Erindi fylgir yfirlit breytinga og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2024. Gjald kr.15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

4. Ánanaust 1 - USK24060242
Sótt er um leyfi til að breyta stofnerindi BN060202 og breytingarerindi BN061495 með því að breyta innra skipulagi íbúða 02-0408, 02-0506, og 02-0702 ásamt útfærslum á klæðningu í húsi nr. 1 við Ánanaust. Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

5. Ármúli 38 - USK24060289
Sótt er um leyfi til að breyta 2. hæð í mhl. 03 frá atvinnuhúsnæði í íbúðir og byggja svalir á austurhluta húss á lóð nr. 38 við Ármúla. Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

6. Ármúli 42 - USK24060069
Sótt er um leyfi til að breyta skrifstofurými í kennslurými fyrir snyrtiskóla í mhl. 02 í rými 0202 á lóð nr. 42 við Ármúla.
Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 9. maí 2017.
Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.
7. Baldursgata 8 - USK24050328
Sótt er um leyfi til þess að fækka eignum í eina og gera einnar hæða viðbyggingu með þaksvölum við suðurhlíð að lóðarmörkum lóðarinnar Urðarstígur 2, íbúðarhúss á lóð nr. 8 við Baldursgötu.
Stækkun: 11.9 ferm., 34.3 rúmm.
Erindi fylgir samþykki lóðarhafa við Urðarstíg 2 dags. 22. maí 2024, umsögn Minjastofnunar dags. 7. júní 2024 og greinargerð fyrirtækisins Mannvirki Malbik um brunavarnir dags. 27. maí 2024 og yfirlit breytinga á afriti af aðaluppdrætti samþykktum 7. mars 2000.
Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
8. Bollagata 8 - USK24050330
Sótt er um leyfi til þess að lyfta þaki, gera kvista á allar þekjur og þaksvallir á útbyggingu til suðurs, koma fyrir stiga á milli hæða og innréttu aukaíbúð í eigu íbúðar 0201 í íbúðarhúsi á lóð nr. 8 við Bollagötu. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. júlí sl., fylgir erindi.
Stækkun: 43.4 ferm., 88.1 rúmm.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 25. maí 2024.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. júlí 2024.
9. Borgartún 27 - USK24060131
Sótt er um leyfi að breyta innra skipulagi á 3. og 4. hæð í skrifstofuhúsnæði á lóð nr. 27 við Borgartún.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.
10. Borgartún 29 - USK24060098
Sótt er um leyfi að breyta innra skipulagi veitingahúss í mathöll á lóð nr. 29 við Borgartún.
Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.
11. Brautarholt 4 - USK24060206
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 2. og 3. hæðar í gistiheimili með því að fjölga herbergjum bæta við starfsmannaaðstöðu og eldhús á lóð nr. 4 við Brautarholt.
Erindi fylgir Hæðarblað 1.241.2 dags. 10. september 2020, yfirlit breytinga dags.11. desember 2018.
Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

12. Bræðraborgarstígur 22 - USK24030240
Sótt er um leyfi til að sameina íbúð 0001 og 0101 og breyta innra fyrirkomulagi auk þessa að gera nýtt og stærra stigahús í stað þess eldra, fjarlægja núverandi útitróppur/geymslu og baðherbergi í kjallara og byggja það upp að nýju með öðrum hætti, lyfta þakhluta garðmegin og setja svalir bakatil á húsið nr. 22 við Bræðraborgarstíg. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 13. mars 2024. Umsögn var gerð vegna fyrirspurnar dags. 28. september 2023. Erindi afgreitt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. júlí sl. Erindið var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Bræðraborgarstíg 20, 24 og 24A og Brekkustíg 15, 15B og 17, frá 30. maí 2024 til og með 28. júní 2024. Engar athugasemdir bárust.
Gjald kr.15.400.
- Frestað. Vísað til athugasemda.
13. Bíldshöfði 7 - USK24060210
Sótt er um leyfi til að byggja undirstöðuhús undir tvö sementssíló á mhl. 28 á lóð nr. 7 við Bíldshöfða.
Gjald kr. 15.400.
- Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
14. Bólstaðarhlíð 38 - USK24030143
Sótt er um leyfi að koma fyrir færanlegri kennslustofu á steiptum sökkli á lóð nr. 38 við Bólstaðarhlíð. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
Stærðir:
Ferm. 285,4
Rúmm. 858,3
Gjald kr. 15.400.
- Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
15. Eddufell 2 - USK24050105
Sótt er um leyfi til að breyta BN061242 þannig að stigahús verði fært, hús klætt veðurkápu, djúpgámar í stað sorpgeymslan og sorpgerði fyrir verslanir auk þess að kjallari, minnkun frá stofnerindi er 140,3 ferm og 63,3 rúmm. í húsi nr. 2-4 við Eddufell. Stækkun 1.208 fer. og 3.883,9 rúmm. Erindinu fylgir fundargerð af húsfundi 27. júní 2024 og samþykki meirihlutans.
Gjald kr. 15.400.
- Frestað. Vísað til athugasemda.
16. Eikjuvogur 27 - USK24060292
Sótt er um leyfi til að breyta bílastæði á lóð nr. 27 við Eikjuvog.
Gjald kr.14.500.
- Frestað. Vísað til athugasemda.
17. Fiskislóð 23-25 - USK24030021
Sótt er um að leyfi til að breyta innra skipulagi í atvinnuhúsi á lóð nr. 23-25 við Fiskislóð.
Gjald kr. 15.400.
- Frestað. Vísað til athugasemda.

18. Fossaleyfir 1 - USK24060383
Sótt er um leyfi til þess að uppfæra teikningar þannig að eldvarnarmerkingar og innréttingar verði í samræmi við teikningar vegna endurnýjunar á rekstrarleyfi Keiluhallarinnar, rými 0101 í íþróttamiðstöðinni Egilshöll á lóð nr. 1 við Fossaleyfi.
Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 24. júní 2024, greinargerð Öruggh ehf um brunavarnir dags. 27. júní 2024 og yfirlit breytinga.
Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

19. Fossháls 1 - USK24040015
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rýmum 0003 og 0004, útlitsbreytingu á vestur hlið hússins þar sem sótt er um að breyta þremur aksturshurðum í gönguhurðir og glugga í húsi nr. 1 við Fossháls. Erindi fylgir samþykki meðeiganda húss.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Lagfæra skráningu.

20. Freyjugata 45 - USK24020245
Sótt er um leyfi til þess að breyta eignarhaldi þannig að kjallarainngangur á austurhlið verður sér inngangur að íbúð 0001, rými 0003 í kjallara verður hluti af íbúð 0001, þvottahúsi er breytt í geymslu og innra skipulagi er breytt í íbúðum 0001 og 0101 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 45 við Freyjugötu. Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 9. júní 2024 og yfirlit breytinga.
Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi. Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is, um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

21. Gerðarbrunnur 7 - USK24060360
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060992 þannig að innra skipulagi er breytt þannig að aukaíbúð stækkar, þakgluggi er fjarlægður og staðsetning inngangs breytt, jafnframt eru stærðir og skráningartafla uppfærð fyrir einbýlishús með aukaíbúð á lóð nr. 7 við Gerðarbrunn.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 31. janúar 2023.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

22. Grandavegur 47 - USK24070015
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN06001 v/lokaúttektar þannig að texta um brunavarnir hefur verið uppfærður fyrir hús á lóð nr. 47 við Grandaveg.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

23. Grensásvegur 24 - USK24060322
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN055716, með síðari breytingu USK23030024 þannig að hús nr. 24, er hækkað um eina hæð og ásamt húsi nr. 26 klætt utan með álklæðningu, gistihús í flokki II teg b, mhl. 01, á lóð nr. 24 við Grensásveg.
Stækkun: 100.5 ferm., 222.2 rúmm.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu með rafrænni áritun hönnuðar dags. 29. nóvember 2023 og afrit af aðaluppdrætti sem sýnir að samskonar hækkan var samþykkt 30. nóvember 1972.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

24. Hallgerðargata 19 - USK24060246
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulag og innréttu hárgreiðslu og snyrtistofu í rými 0101-D á lóð nr.19 við Hallgerðargötu.
Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 19. mars 2024.
Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

25. Holtavegur 23 - USK24060153
Sótt er um leyfi til að breyta USK23040068 sem felst í breytingum sem hafa verið gerðar á byggingartíma, þær felast í nánari útfærslu loftræsikerfis, hurð við stigagang, eldvarngler auk innréttunga. Erindi fylgir yfirlit skýringarteikninga sem vísar í yfirlit breytinga.
Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

26. Hyrjarhöfði 4 - USK24060324
Sótt er um leyfi til að reisa 151,7 fermm geymslu á lóð nr. 4 við Hyrjarhöfða
Stærðir:
ferm. 151,7 Rúmm.751,7
Gjald kr 15.400.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

27. Hátún 10 - USK24010102
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem snúa að kjallara og fyrstu hæð sem eru skrifstofur og vinnustofur og eru gerðar vegna athugasemda slökkviliðsins á staðnum á brunamerkingum í húsi nr. 12 við Hátún.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

28. Hólmgarður 46 - USK24030045
Sótt er um leyfi að hækka þak, byggja kvisti og svalir ásamt því að byggja geymsluskúr á lóð nr. 46 við Hólmgarð. Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 15. desember 2022 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. apríl 2024. Stækkun: 46,5 ferm., 73,7 rúmm. Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi. Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is, um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

29. Jöfursbás 3 - USK24050291

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24030157 þannig að sótt er um leyfi fyrir þrjú af sjö fjölbýlishúsum með sameiginlegum bílakjallara á lóð nr. 3 við Jöfursbás.

Erindi fylgir ósamþykkt hæðarblað dags. 30. september 2021, mæliblað 2.220.1 dags. 18. apríl 2024 og brunahönnunarskýrsla dags. 14. maí 2024.

Stærðir:

Ferm. rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

30. Kringlan 4-12 - USK24060152

Sótt er um leyfi að breyta innra skipulagi veitingahúss í einingu S-362 á lóð nr. 4-12 við Kringluna.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 26. janúar 2024

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

31. Langholtsvegur 89 - USK23040101

Sótt er um leyfi til að breyta húsi þannig að 1. og 2. hæð stækkar, breyta verslun í íbúð í rými 0201, breyta geymslu sem var áður með rýmisnúmer 0003 í tómsundarherbergi með nýja baðherbergisaðstöðu, breyta bílskúr í vinnustofu?, innra breytingar á öllum þremur hæðum ásamt því að breyta staðsetningu inntaks, fjarlægja stiga á milli hæða og þess í stað koma fyrir nýjum stiga á norðurhlíð, endurnýja inngang á 2. hæð, byggja svalir á vesturhlíð, endurnýja kvisti og breyta þaki, breyta fyrirkomulagi á lóð með því að breyta landhalla, fækka um eitt stæði af fjórum og færa sorpskýli í húsi á lóð nr. 89 við Langholtsveg.

Stækkun: 53.6 ferm., 357,3 rúmm. Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 08. júní 2023 sem ekki var hægt að taka afstöðu til erindisins þar sem gera þarf betri grein fyrir erindinu.

Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

32. Laugavegur 23 – USK24070048

Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að innra skipulagi og lögnum er breytt í húsi á lóð nr. 23 við Laugaveg. Erindi fylgir greinargerð hönnuða dags. 4. júlí 2024.

Staðfest er að tilkynning þessi samræmist skipulagsáætlunum og fellur innan marka sem tilgreind eru í gr. 2.3.6 í byggingareglugerð.

33. Lofnarbrunnur 16 - USK24060248

Sótt er um heimild að setja nýja klæðningu og breyta útliti fjölbýlishúss á lóð nr. 16 við Lofnarbrunn.

Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 10. júní 2024, mæliblað 5.055.5 dags. 4. maí 2006 hæðarblað 5.055.5 dags. mars. 2006.

Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

34. Lág múli 5 - USK24040212

Sótt er um leyfi að breyta innra skipulagi læknastofu á 2. og 3. hæð í skrifstofubyggingu á lóð nr. 5 við Lág múla. Erindi fylgir lóðaruppdráttur 1.261.3, dags. 9. nóvember 2020. Greinargerð brunavarna dags. 27. maí 2024. Gjald kr.15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

35. Miklabraut 101 - USK24060249

Sótt er um leyfi að setja upp rafhleðslustöðvar við eldsneytisstöð á lóð nr.101 við Miklabraut.
Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

36. Nauthólsvegur 102 - USK24060304

Sótt er um leyfi til að bæta aðgengi með nýrri skábraut, sérklefa fyrir hreyfihamlaða, aðgengi bætt að snyrtingum og búningasklefum, koma fyrir nýrri útihurð, fata- og munaskápum komið fyrir og nýrri setlaug við þjónustuhús á ylströnd á lóð nr. 102 við Nauthólsveg.

Samskonar erindi BN059706 var samþykkt 21. september 2021 en er fallið úr gildi.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

37. Nauthólsvegur 83 - USK24050382

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK23070159 þannig að innra skipulagi kjallara er breytt, bætt er við reyklosunarlúgum, skráningartafla og stærðir uppfærðar fyrir fjölbýlishús nr. 87A, B og C, mhl.05, á lóð nr. 83 við Nauthólsveg.

Uppfærðar stærðir: 7.161.7 ferm., 17.844.2 rúmm.

Erindi fylgir auk teikningaskrár, yfirlit breytinga á óstimpluðum aðaluppdráttum dags. 4. september 2023.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

38. Norðurás 2 - USK24050022

Sótt er um leyfi til að klæða austurgafli með álklæðningu á húsi nr. 2-6 við Norðurás. Erindinu fylgir fundargerð dags. 19.desember 2023.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

39. Rafstöðvarvegur 33 - USK24030253

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri einnar hæðar viðbyggingu, sólskála, úr timbri við suðausturhlíð íbúðar 0101, hús nr. 33, í tvíbýlishúsi á lóð nr. 33 - 33A við Rafstöðvarveg. Stækkun: 24.0 ferm., 60.0 rúmm.

Erindi fylgir óþinglýst samþykki eiganda íbúar 0102 dags. 13. mars 2024 og A3 afrit af aðalteikningum samþykktum 22. ágúst. 2022.

Gjald kr. 13.200.

Frestað. Vísað til athugasemda.

40. Rökkvatjörn 1 - USK24060247

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN058533 vegna lokaúttektar þannig að texti um brunahönnun og brunavarnir er uppfærður vegna sjálfstæðs loftræsikerfis í sameiginlegum bílakjallara, mhl.02, á fjölbýlishúsalóð nr. 1 við Rökkvatjörn.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

41. Skólavörðustígur 40 - USK24060306

Sótt er um að breyta erindi USK23110028 vegna lokaúttektar sem snýr að breytingu á skipulagi lagers - starfsmannarýmis auk tilfærslu á ræstiskápum og innréttingu í húsi nr. 40 við Skólavörðustíg.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

42. Skólavörðustígur 9 - USK24060067

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun Hegningarhússins við Skólavörðustíg, mhl.01, og innréttu verslun, vinnustofur og sýningarsvæði, einnig er sótt um leyfi til þess að byggja einnar hæðar glerbyggingu á kjallara að hluta, mhl.02, meðfram gamla fangelsismúrnum og innréttu sem veitingastað í flokki II teg ? fyrir um alls 80 gesti á lóð nr. 9 við Skólavörðustíg.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 15. febrúar 2024, greinargerð Öruggh ehf um brunavarnir dags. 6. febrúar 2024 og skýrsla hönnuðar um sögu Hegningarhússins dags. ágúst 2017. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

Stærð Mhl.01: Óbreytt.

Stærð Mhl.02: 204.5 ferm., 671.1 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

43. Skútuvogur 8 - USK24060221

Sótt er um leyfi til að reisa tvö frístándandi 6,0 ferm. ljósaskilti í á lóðarmörkum með sljómagninu 200-250 Lux á lóð nr. 8 við Skútuvog.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

44. Snorrabraut 54 - USK24030337

Sótt er um leyfi til þess að endurnýja og færa til upprunalegs útlits og breyta notkun í gistiheimili í flokki 2, teg b með alls 23 hótélíbúðum fyrir alls 72 gesti og 8 starfsmenn í húsi Mjólkursamsölnunnar, mhl.01 á lóð nr. 54 við Snorrabraut.

Stækkun: Mhl.01: 60.0 ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 23. maí 2024 og hljóðvistarskýrsla Myrru ehf. dags. 25. mars 2024.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

45. Snorrabraut 83 - USK24060305
Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum og breyta notkun bílskúrs, mhl.02, og innrétta í rýmum 0101 og 0102 sjálfstæðar íbúðir á íbúðarhúsalóð nr. 83 við Snorrabraut.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

46. Stýrimannastígur 14 - USK24040292
Sótt er um leyfi til að byggja bílageymslu á lóð nr. 14 við Stýrimannastíg. Stærð 45,6 ferm. og 155,1 rúmm. Mæliblað ekki til fyrir lóðina. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. júlí sl., fylgir erindi.
Gjald kr. 15.400.

Synjað. Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. júlí 2024.

47. Sæmundargata 15 - USK24050150
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058493 með því að koma fyrir lyftu í áður samþykktum lyftustokki milli kjallara og 1. hæðar, innréttuð er frystigeymsla í hluta bílgeymslu og fækka þannig bílastæðum um átta og til að skilja vörumóttöku frá pressugámasvæði við mhl. 02 á lóð nr. 15 við Sæmundargötu. Erindi fylgir yfirlit breytinga. Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

Sæmundargata 4-10 - USK24060085
Sótt er um leyfi að byggja nýtt vindfang og stækka glugga í stúdentagarði á lóð nr.4-10 við Sæmundargötu.
Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 5 desember 2023 og yfirlýsing burðarhönnuðar dags. 4. júní 2024.
Stærðir:
Ferm.xx Rúmm.xx
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

48. Síðumúli 23 - USK24050331
Sótt er um leyfi að breyta innra skipulagi í skrifstofuhúsnæði á lóð nr. 23 við Síðumúla.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

49. Sólvallagata 14 - USK23050255
Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi, byggja lyftuhús norðan aðalinngangs, byggja yfir svalir ofan á inngangi, gera nýjan inngang og tröppur á norðurhlið 1. hæðar að eldhúsi íbúðarhúss, mhl.01, byggja ofan á bílskúr, mhl.02, með aðgengi um utanáliggjandi stiga meðfram vesturhlið og reisa öryggisgirðingu inn á lóð og meðfram lóðarmörkum aðliggjandi lóða einbýlishúss á lóð nr. 14 við Sólvallagötu.
Stækkun Mhl01: 526.6 ferm., 1.569.8 rúmm.
Stækkun Mhl.02: 77.7 ferm., 218.4 rúmm.
Stærð Mhl.03 10.0 ferm., 28.0 rúmm.

Heildarstækkun: 66.9 ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 17. júlí 2023, greinargerð hönnuðar vegna samþykkis nágranna dags. 3. ágúst 2023 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 21. febrúar 2017. Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

50. Urðarbrunnur 5 - USK24050394

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN058801 vegna lokaúttektar þannig að gólfkóta bílskúrs hefur verið breytt, innra skipulagi og herbergjaskipan hefur verið breytt í einbýlishúsi á lóð nr. 5 við Urðarbrunn. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

51. Urðarstígur 16 - USK24040268

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi vegna endurnýjunar á rekstrarleyfi gististaðar í flokki II tegund g, fyrir allt að 10 gesti í íbúðum 0101 og 0201, bæta við björgunaropi fyrir ósamþykka íbúð í kjallara, flóttaleið um brú yfir niðurgrafna verönd meðfram austurhlíð íbúðarhúss á lóð nr. 16 við Urðarstíg. Erindi fylgir greinargerð brunavarna dags. 23. apríl 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 13. nóvember 1986. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

52. Varmadalsslandi - USK24040210

Sótt er um leyfi til að byggja 225,9 ferm og 714,1 rúmm. íbúðarhús á lóð nr. í Varmadalsslandi. Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags.18. apríl 2024 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. maí 2024. Skipulagið féll frá grenndarkynningu 13. júní 2024. Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

53. Varmadalsslandi - Niðurrif - USK24060068

Sótt er um leyfi til að rífa 62 ferm. timburhús á lóð í Varmadalsslandi. Afgreiðist samhlíða nýbyggingu. Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

54. Vesturberg 76A - Niðurrif - USK24060243

Sótt er um leyfi að rífa bygging mhl XX? á lóð nr. 76A við Vesturberg. Stærðir: Gjald kr.15.400. Frestað. Vísað til athugasemda.

55. Vesturgata 30 - USK24060132

Sótt er um leyfi til endurbóta, nýbygginga og niðurrifs í þremur áföngum; Í 1. áfanga eru gerðar endurbætur, niðurrif á stigahúsi og breytingar á núverandi íbúðarhúsi í samráði við Minjastofnun og mhl.05 byggður sem er sameiginlegt tæknirými í kjallara, í 2. áfanga eru byggð tvö hús, mhl.02 einnar hæðar timburbygging og mhl.03 sem einnig er einnar hæðar timburbygging, í 3. áfanga er mhl.04 sem er nýtt tveggja hæða steinsteypt

Íbúðarhús með kjallara og risi. Alls eru 4 íbúðir og atvinnurými í kjallara mhl.01, ein íbúð í mhl.02, ein íbúð í mhl.03 og í mhl.04 eru tvær íbúðir og atvinnurými í kjallara, á lóð nr. 30 við Vesturgötu.

Afgreiðist samhliða erindi USK24060133 þar sem sótt er um niðurriif.

Samskonar erindi BN057209 var samþykkt 10. mars 2020, en er fallið úr gildi og nú sótt um að nýju.

Erindi fylgir hæðablað og hluti af lóðaupprætti 1.131.2 dags. 24. febrúar 2024 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 21. júní 2011.

Stærðir eftir breytingu:

Mhl.01: 229,1 ferm., 665,1 rúmm.

Mhl.02: 57,8 ferm., 198,0 rúmm.

Mhl.03: 43,9 ferm., 180,8 rúmm.

Mhl.04: 227,6 ferm., 699,9 rúmm.

Mhl.05: 7,6 ferm., 22,3 rúmm.

Samtals stækkun: 209,6 ferm., 807,5 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Lagfæra skráningu.

56. Vesturvallagata 4 - USK24040291

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu á tveim hæðum úr steinsteypu og bárujárnsklæddri timburgrind með timburþaki við hús á lóð nr. 4 við Vesturvallagötu.

Stærð, fyrir stækkun: 53,7 ferm., 108,8 rúmm. Eftir stækkun: 176,4 ferm., 504,1 rúmm.

Erindinu fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 20. júní 2024. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Ýmis mál:

57. Borgartún 41 og 55 - 1.349.1 - USK24070084

Skipta lóðinni Borgartúni 41 í tvær lóðir, Borgartún 41 og Borgartún 55.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

58. Hlíðarendi 6 og 14 - 1.628.8 - USK24050189

Breyta lóðamörkum lóðanna Hlíðarenda 6 og 14 til samræmis við nýtt deiliskipulag sem er við það að taka gildi.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

59. Smábýli 17 - Kjalarnes - 33.626.5 - USK24070046

Sótt um að stofna nýja lóð úr landareigninni, Smábýli 17 á Kjalarnesi.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Fundi slitið kl. 11:55

Brynjar Þór Jónasson

Margrét Pálína Cassaro
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir

Sigurður Stefán Karlsson